

# Hreyfivika UMFÍ 27.maí – 2.júní – Viðburðir í Árborg

Sveitarfélagið Árborg tekur þátt í Hreyfivikunni eða MOVE WEEK dagana 27.maí – 2.júní 2019 og eru íbúar hvattir til aukinnar hreyfingar og útivistar þessa vikuna. Eftirfarandi viðburðir eru í gangi í vikunni:

**Priðjudaginn 28.maí kl. 16:45** fer gönguhópur um Fuglafriðlandi í Flóa við Eyrarbakka. Þetta er þægileg ganga sem hentar jafnt fullorðnum sem börnum. Gott að koma vel skóaður þar sem blautt getur verið á svæðinu. Hópurinn hittist kl. 16:30 við Ráðhús Árborgar þar sem hægt er að sameina í bíla en einnig er hægt að hitta hópinn á planinu í fuglafriðlandinu.

**Frískir flóamenn hlaupa frá Sundhöll Selfoss** í hreyfivikunni er farið þri. 28.maí kl. 17:15 og fim. 30.maí kl. 8:30 (uppstigningardagur). Nýliðar sérstaklega velkomnir í hópinn og mæta bara við Sundhöllina. Ekkert mál að byrja.

**Ferðafélag Árnesinga** stendur fyrir vikulegum gönguferðum í nágrenni Selfoss. Farið er á miðvikudögum kl. 20:00 frá Fjölbrautaskóla Suðurlands og eru allir velkomnir. Auðveldar og skemmtilegar gönguferðir. Nánari upplýsingar eru á heimasíðu félagsins [www.ffar.is](http://www.ffar.is).

Íbúar eru hvattir til að huga vel að heilsunni þessa viku sem aðrar og um að gera að leggja bílnum eins og hægt er þessa vikuna og nýta t.d. hjólið í veðurbliðunni.

**Sundlaug Stokkseyrar** er opin alla vikuna samkvæmt opnunartíma og Sundhöll Selfoss opnar aftur eftir viðhaldslokun fös. 31.maí kl. 6:30.

Fylgist nánar með á [www.arborg.is](http://www.arborg.is) og á facebook ásamt heimasíðu Hreyfivikunnar <http://iceland.moveweek.eu/>.



**HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG**  
**Sveitarfélagið Árborg**

---

vellíðan fyrir alla